

# Skýrsla hringakstursráðs 2021

Á keppnistímabilinu fundaði ráðið aðeins í fjarfundi og starfið fór allt fram með rafrænum samskiptum.

Almennt gekk keppnishaldið vel í ár. Að tímabilinu loknu var haldinn opinn fundur þar sem farið var yfir fyrirhugaðar reglubreytingar og rætt um hvað betur mætti fara. Niðurstaða endurskoðunar reglnanna liggur fyrir og uppfærðar reglur fyrir komandi keppnistímabil eru tilbúnar.

Helstu breytingar er þær að reglum um tímaat og kappakstur er skipt upp. Þetta hefur verið eitt reglusettt og keppendur hafa talað um að það geti verið ruglingslegt. Til að taka á þessu, og til að auðvelda áframhaldandi þróun hvorrar greinar fyrir sig hafa þær því verið aðskildar.

Smávægilegar breytingar voru gerðar á stigakerfinu í kappakstri eftir reynslu sumarsins. Vægi síðari kappaksturslotu var minnkað örlítið, en hún er keyrð með öfugri rásröð úrslita fyrri kappaksturslotu.

Keppnisflokkar í tímaati standa óbreyttir en miklar breytingar voru gerðar á keppnisflokkum í kappakstri. Tilgangur breytinganna er að einfalda keppnishaldið og bregðast við þeirri þróun sem verið hefur í gerð ökutækja sem þátt taka. Áfram eru Standard og Formula flokkar fyrir 1000cc bíla en flokkar annarra ökutækja hafa verið felldir saman í einn flokk, fyrir utan sérstakan flokk fyrir mikið breytta bíla og kappakstursbíla.

Nú hefur verið sótt um 4 keppnir í kappakstri sem ætti að geta orðið glæsilegt Íslandsmót en engin keppni er áætluð í tímaati 2022. Þá hefur verið sótt um 2 keppnir í gokart.

Ráðið hefur ákveðið að Íslandsmeistaramót í kappakstri skuli samanstanda af þremur keppnum eða fleiri en einni keppni í tímaati. Þó með þeim fyrirvara að komi þrjár umsóknir eða fleiri fram um keppnir í tímaati á formannafundi verði Íslandsmótið þrjár keppnir eða fleiri.

Hringakstursráði var falið að annast gokart á árinu og eiginlegt gokart ráð var lagt niður. Þetta er hugsað sem tímabundin ráðstöfun á meðan gokart er ekki stærra í sniðum en verið hefur. Það verður því miður að segjast að gokart hefur verið í mýflugumynd undanfarin ár á meðan gróska hefur verið í öðrum greinum. Ekki verða gerðar neinar breytingar á gokart reglum eða keppnisfyrirkomulagi fyrir komandi keppnistímabil.

Ráðið hefur ákveðið, í samræmi við reglur, að Íslandsmeistaramót í gokart skuli samanstanda af einni keppni nema breytingar verði á drögum að keppnisdagatali á formannafundi og þriðja keppnin bætist þar við, þá skal Íslandsmótið verða þrjár keppnir eða fleiri.

Sótt hefur verið um 9 keppnir í hermikappakstri. Ráðið hefur ákveðið að Íslandsmeistaramót í hermikappakstri skuli samanstanda af þremur keppnum eða fleiri á komandi keppnistímabili.

Drög að uppfærðum reglum um hermikappakstur liggja fyrir en því miður náðist ekki að afgreiða þær úr keppnisráðinu tímanlega fyrir formannafund. Það stafar af seint fram komnum tillögum frá þeim einstaklingum sem að baki keppnishaldinu standa. Það er vilji ráðsins að afgreiða reglurnar engu að síður tímanlega fyrir fyrstu keppni, verði þær samþykktar í dagatalið af formannafundi. Þá er það von okkar að regluráð taki vel í að afgreiða reglurnar og stjórn AKÍS staðfesti þær þó þær séu fram komnar eftir að fresti lauk.